



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

9. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í safnaðarheimili Kársnessafnaðar, Hábraut 1a, Kópavogi,
föstudaginn 6. október 2023
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lovísa Jónsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Þorkell Sigurlaugsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Alexandra Briem, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Dagskrá:

1. Stefnuráð byggðasamlaganna - 2111014

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur og annar formanna stefnuráðs setur fund og tilnefnir Páll Björgvin Guðmundsson sem fundarstjóra.

Niðurstaða:

Samþykkt

2. Kynning á frumniðurstöðum ESA - 2309018

Ástríður Scheving Thorsteinsson frá embætti borgarlögmans kynnir frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamлага en af þeim ráða að ESA telji undanþágu á tekjuskattsskyldu byggðarsamлага sem stunda atvinnurekstur fela í sér ólögsmæta ríkisaðstoð af hendi ríkisins til byggðasamлага. Umræður um forsögu málsins og næstu skref.

Gestir

Ástríður Scheving Thorsteinsson

Niðurstaða:

Umræður

3. Kynning á vinnu og helstu tillögum starfshóps í úrgangsmálum - 2209003

Guðmundur B. Friðriksson formaður starfshópsins kynnir tillögur starfshópsins um sameiginlegar samþykktir í úrgangsmálum svo og þau atriði sem óskað er afstöðu Stefnuráðs til. Umræður.

Niðurstaða:

Umræður

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

4. Stefnuráð - Vinnustofur - 2310001

Hópastarf þar sem unnið er með eftirfarandi umræðuefni:

1.

Hvert ætti rekstrarform Sorpu til framtíðar að vera:

Halda ákveðnum hlutverkum - þ.e. t.a.m. útboðsgerð, samningsstýringu og eftirliti hjá Sorpu bs. en setja aðra starfsemi/starfsemi á samkeppnismarkaði í annað félagsform? Hvernig hentar það þeim verkefnum sem eigendur hafa og ætla að sammælast um að hafa hjá Sorpu?

2.

Á að útvíkka landfræðilegt starfssvæði Sorpu bs.? Með því að bjóða fleiri sveitarfélögum aðild að samlaginu? Hverjir eru kostir þess og gallar? Hver væri áhættan fyrir hfbsv.? Hverjir eru hagsmunir Sorpu og eigenda hennar í því samhengi?

3.

Á Sorpa bs að taka að sér sorphirðu við heimili (eða útboð og samningsstjórnun vegna hennar) og fulla umsjón með grenndarstöðvum? Nú er framkvæmd þessa ekki samræmd hjá sveitarfélögunum, er áhugi á slíkri samræmingu? Á að öðru leyti að útvíkka þau hlutverk sem Sorpu eru falin?

4.

Álitaefni sem upp hafa komið við vinnu starfshóps í úrgangsmálum.

Umræður fara fram í tveimur hópum. Í hverjum hópi er umræðustjóri og ritari, auk þess sem sérfræðingar í úrgangsmálum vinna með hópunum og eru þátttakendum til aðstoðar komi upp álitamál. Ritarar skila niðurstöðum hópanna til ritara Stefnuráðs til frekari úrvinnslu.

Gestir

Bryndís Skúladóttir ráðgjafi VSÓ.

Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og þróunarstjóri Sorpu. bs.

Freyr Eyjólfsson verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins Sorpu bs.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg og formaður starfshóps Stefnuráðs í úrgangsmálum.

Dóra Lind Pálmarsdóttir leiðtogi umhverfis og framkvæmda Mosfellsbæ

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Umræður

5. Stefnuráð - Niðurstöður vinnustofu - 2310001

Dagur B. Eggertsson umræðustjóri í hópi B og Gunnar Dofri Ólafsson ritari hóps A kynna helstu atriði sem fram komu umræðu hópanna.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026